

## Fundargerð 136. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur haldinn að Geirsgötu 9, þriðjudaginn 30. maí, kl. 09:00.

Viðstaddir: Albína Thordarson formaður, Anna G. Sverrisdóttir og Halldór Halldórsson í símasambandi.

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir, Helena Karlsdóttir, Hjörleifur Finnsson, Nanna Dröfn Björnsdóttir og Sólrún Anna Jónsdóttir.

Fjarverandi: Sævar Skaptason.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerðir 133 , 134 og 135

Fundargerðir samþykktar og undirritaðar. Þar sem stjórnin var ekki fullskipuð verður klárað að undirrita þær á næsta fundi.

#### 2. Ársreikningur FF 2016

Sólrún Anna Jónsdóttir fór yfir ársreikning Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða fyrir árið 2016. Er þetta fyrsta uppgjörið sem tekið er tillit til skuldbindinga sjóðsins sem ekki hafa verið greiddar út. Árið 2016 var byrjað að gjaldfæra alla samninga um leið og þeir bárust undirritaðir auk þess sem gjaldfærðar voru eftirstöðvar af eldri óloknum samningum. Fyrir þann tíma voru greiðslur einungis bókaðar en ekki öll skuldbindingin. Ársreikningurinn gefur glögga mynd af stöðu sjóðsins en unnið verður áfram að endurbótum á kerfinu þannig að í framtíðinni verði upplýsingar enn nákvæmari. Stjórninni kynnt fylgiskjalið sem fylgir með samningum, þar sem úthlutanir eru greindar eftir ákveðinni flokkun, sem skilgreindir voru af fjársýslunni.

#### Fylgiskjal I

##### Viðbótarupplýsingar með samningi við Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða

Samkvæmt kröfu Fjárslu ríkisins er ekki hægt að bóka samninga eða ganga frá greiðslum nema viðbótarupplýsingar fylgi með samningi. Þessar upplýsingar eru til að greina betur m.a. hvert opinbert fjármagn rennur, í hvers konar verkefni og stuðningur við kynjaða fjárhagsgerð ríkisins.

Vinsamlegast fyllið meðfylgjandi form út og sendið til baka með undirrituðum samningi við Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Taflan hér fyrir neðan er með fimm flokkum og þarf að setja X í þá reiti sem styrkurinn fellur undir, fylla þarf út fyrir hvern flokk fyrir sig og haka með X, en eingöngu eitt X í hverjum flokki.

Atvinnuvegaflokkun	Undirtegund styrks	Landfræðileg flokkun	Tegund umsækjanda	Kynjahlutóli starfa sem skapast
Bygginga- og mannvirkjagerð	Markaðssetning og kynningarmál	Höfuðborgarsvæði	Kari	Nær eingöngu KK störf
Ferðabjórasta	Nýsköpun og atvinnubrúun	Suðurnes	Kona	Flairi KK en KVK störf
Landbúnaður	Ráðgjöf og fræðsla	Vesturland	Fyrirtæki	Baði kynin jafnt
Matvælaeignaður	Rannsóknir og þróun	Vestfirðir	Ríkisstofnun	Flairi KVK en KK störf
Mál- og efnafarmeiðsla	Frumherjastyrkir	Norðurland Vestra	Sveitarfélag	Nær eingöngu KVK störf
Orka og tengd mál	Einkaleyfistyrkir	Norðurland Eystra	Erlundur aðili	
Sjáværuvegur og fiskeldi	Verkefnastyrkir	Austurland		
Skapandi greinar	Ferðastyrkir	Suðurland		
Upplýsingatækni og rafbúnaður	Skipulag og hönnun	Erlendis		
	Náttúruvernd			
	Framkvæmdir			
	Átakverkefni			
	Jarðhitaleit			
	Hagkvæm orkunotkun			

## 3. Önnur mál

- a. Albína spurðist fyrir um styrk 13-272 Markarfljótsbrú – Vinir Þórsmerkur.
  - i. Hjörleifur fór yfir niðurstöður fundar sem haldinn var með Vinum Þórsmerkur þann 4. maí síðastliðinn. Á fundinum var þeim gefinn frestur til 6. júní til að skila inn frávíksbeiðni sem skal gera grein fyrir ástæðum breytinga á notkun styrkfés (hönnun en ekki framkvæmd) og rökum fyrir þeim.
  - ii. Stjórn verður sent afrit af minnispunktum sem teknir voru á fundinum.
- b. Albína spurðist fyrir um stöðu mála í FF10.
  - i. Nanna greindi frá því að búið væri að senda út bréf til allra styrkþega sem hafa ekki skilað inn lokaskýrslu vegna styrkúthlutunar 2016. Þó nokkrir hafa beðið um frest á að skila inn lokaskýrslu þar sem framkvæmdir hafa tafist og búið er að senda út eina lokaviðvörðun um skil á lokaskýrslu. Annars eru einungis 16 málum lokið af 68.
- c. Albína spurðist fyrir um hver staðan á samningum væri núna vegna FF12.
  - i. Guðrún og Hjörleifur greindu frá því að búið væri að útbúa og senda alla samninga til þeirra sem hlutu styrk núna í ár. Einungis þrír til fjórir samningar eiga eftir að berast og mögulega þarf að breyta tveimur.
- d. Albína ræddi hvort stjórn FF ætti að fara í vettvangsferð í júní, þar sem engin vettvangsferð hefð verið farin í ár.
  - i. Þar sem mögulegar lagabreytingar liggja fyrir þann 1. júlí og þá er fyrirhugað að ný stjórn taki við þá finnst starfsmönnum Fms það ákjósanlegast að sú stjórn sem taki við fari í vettvangsferð til að koma þeim inn í málin.
  - ii. Stjórnin og starfsmenn Fms telja mikilvægt að slíkar ferðir séu farnar til að kanna hvernig framkvæmdir ganga og að oft hafa slíka ferðir ýtt á að framkvæmdir hefjist eða ljúki.
  - iii. Til stendur að Hjörleifur og Guðrún fari í vettvangsferð austur á land á næstu dögum.

## Næsti fundur

Nr. 137 verður 27. júní 2017 sem að öllum líkindum verður síðasti fundur stjórnar þar sem breytingar á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða liggja fyrir.

Fundi slitið kl. 10:25

Fundargerð ritaði: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, sérfræðingur Ferðamálastofu.

Undirskriftir stjórnarmanna

